



# 1

## Yfirheyrslan

Mamma sat bundin og kefluð í eldhússtólnum og horfði á mig stórum og hræddum spurnaraugum. Hún þóttist ekkert skilja hvað var í gangi. Hún þóttist ekkert skilja af hverju ég hafði bundið hana fasta og beint yfirheyrslujósi í andlitið á henni.

„Lofarðu að öskra ekki ef ég tek viskustykkið úr munninum á þér?“ spurði ég ískaldri röddu.

Hún kinkaði kolla um leið og hún táraðist. Hún var að fara að grenja. Gott. Hún var búin að láta mig grenja í þrjár vikur og nú var röðin komin að henni. Afmælið mitt var eftir viku og það varð að vera fullkomið. Ég varð að ná að loka þessu máli fyrir það.

Ég losaði hnútinn aftan á hnakkanum á henni og um leið og hún var laus við viskustykkið úr kjaftinum sagði hún kjökrandi:

„Stella mín, hvað ertu að gera? Af hverju lét-  
urðu svon... “

„Uss! Það er ég sem spyr spurninganna hér!“  
hrópaði ég. Ég ætlaði ekki að hrópa. Ég ætlaði  
að vera róleg og yfirveguð og fá svör frá þessari  
• klikkuðu mömmu minni. Svör við því hvernig  
hún hefði getað svikið mig svona.

Þá kom Palli bróðir inn.